

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 15. júlí 2024.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörk á beitingu nauðungar). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1657 – 1105. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörk á beitingu nauðungar). 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1657 – 1105. mál.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að tilefni lagasetningarinnar sé að bregðast við athugasemdum umboðsmanns Alþingis í kjölfar eftirlitsheimsóknar hans á þrjár lokaðar deildir geðsviðs Landspítala á Kleppi í október 2018. Vikið er að skýrslu umboðsmanns Alþingis sem telur að verulega hafi skort fullnægjandi heimildir og umbúnað í gildandi lögum vegna þeirra inngripa, þvingana og valdbeitingar sem stjórnendur lokaðra deilda á geðsviði Landspítala teldu nauðsynlegt að geta viðhaft gagnvart sjúklingum sem þar dvelja. Jafnframt kemur fram að frumvarpið hafi fyrst verið lagt fram á 151. löggjafarþingi (563. mál) en ekki náð fram að ganga og lagt fram að öðru sinni á 152. löggjafarþingi (150. mál) nánast óbreytt en að teknu tilliti til breytingatillagna frá velferðarnefnd. Einnig kemur fram að ýmsir hagsmunaaðilar hafi gert athugasemdir við skort á samráði og í kjölfarið hafi ráðherra afturkallað frumvarpið og sett á fót samráðshóp til að fjalla um afstöðu notendahópa til nauðungar á heilbrigðisstofnunum.

Í frumvarpinu er lagt til að meginreglan um bann við beitingu nauðungar verði færð í lög um réttindi sjúklinga en jafnframt lögfestar skýrar undanþáguheimildir til að víkja frá banni við beitingu nauðungar og fjarvöktunar. Samkvæmt reglugerð verður yfirlækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni veitt heimild í sérstökum einstaklingsbundnum tilvikum að taka rökstudda ákvörðun um beitingu nauðungar. Jafnframt eru hugmyndir um að lögfesta heimild til að beita nauðung í neyðartilvikum þegar afstýra þarf yfirvofandi líkamstjóni, stórfelldu eignatjóni eða röskun á almannahagsmunum. Í þessu felast helstu nýmælin auk þess sem vakthafandi lækni verður heimilt að ákveða að beita nauðung í meðferðartilgangi. Jafnframt telst til nýmæla að kveðið er á um rétt sjúklinga til að kæra ákvörðun um beitingu nauðungar, skipan sérfræðiteymis um beitingu nauðungar og skráningu allra tilvika sem fela í sér nauðung eða fjarvöktun.

Hér er um að ræða málefni sem varðar friðhelgi einkalífs og rétt til frelsis og manhelgi sem varin er af stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu. Það er einnig í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland hefur fullgilt og stendur til að lögfesta en þar kemur fram að hvers kyns nauðung og þvingun er óheimil. Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir þessi ákvæði og bendir

á að allar undanþágur eru háðar mati sem þarf að fara vel með. Þá þarf einnig að hafa í huga sérstöðu barna í samræmi við lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

Síðareglur félagsráðgjafa á Íslandi byggja á því að *Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað.*¹ Félagsráðgjafafélag Íslands leggur áherslu á þá meginreglu að beiting nauðungar sé óheimil og að dregið verði úr hvers kyns nauðung og þvingunum. Slíkt þarf að vera í algjörum undantekningartilvikum og það er mikilvægt að vanda framkvæmd á jafn viðkæmu úrræði og beiting nauðungar er. Félagið tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu um að tryggja þurfi öryggi og velferð sjúklinga og starfsfólks. Það sé gætt að því að mönnun sé nægjanleg og að sérþjálfað starfsfólk sé til staðar. Jafnframt er mikilvægt að tryggja vandaða málsmeðferð varðandi ákvarðanatöku með aðkomu þverfaglegs teymis.

Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er tilbúið til að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður

¹ <https://felagsradgjof.is/felagsradgjof/sidareglur/>